

STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1985

7. febrúar 1985

247

Nr. 128

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt
með síðari breytingum.

1. gr.

27. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 220/1984 orðist svo:
Vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá
o.fl., með síðari breytingum:

- 84.11.41 Heyblásarar.
- úr 84.17.22 Mjólkurkælar.
- úr 84.20.10 Fjárvogir.
- 84.22.31 Heyblásarar (til að færa hey).
- úr 84.22.61 Baggatínur og heylosunarbúnaður.
- 84.23.61 Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar.
- 84.24.10 Plógar.
- úr 84.24.20 Áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluniðursetningarvélar.
- 84.24.31 Herfi.
- 84.24.39 Landbúnaðar- og garðyrkjuvélar til að skrapa, losa og hreykja jarðveg og reita illgresi.
- úr 84.24.40 Valtarar fyrir tún og íþróttavelli og flagjafnarar.
- 84.25.31 Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar.
- 84.25.32 Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti.
- 84.25.33 Rakstrar- og snúningsvélar.
- úr 84.25.39 Múgavélar, rúllubindivélar og heybindivélar.
- 84.25.41 Flokkunarvélar fyrir egg og aðra landbúnaðarframleiðslu.
- 84.26.10 Mjaltavélar.
- 85.07.01 Fjárklippur.
- 87.14.21 Vagnar búnir tækjum til losunar og/eða lestunar á heyi.
- 87.14.22 Vagnar búnir tækjum til áburðardreifingar.
- 87.14.23 Vagnar búnir tækjum til heyvinnslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með
áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 7. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.